

Nýting landgæða til útivistar ekki síðra verkefni en íþróttin

— sagði Hákon Guðmundsson við setningu útilífsræðastefnu Landverndar

SL. LAUGARDAG efndi Landvernd til ráðstefnu um útilíf, þar sem fjallað var um ýmsar hlíðar verkefnisins með framsöguráðum og í umræðuhópum, kl. 9 að morgni setti Hákon Guðmundsson ráðstefnuna með eftirfarandi ávarpi:

A ráðstefnu þeirri um landnýtingu, sem haldin var á vegum Landverndar vorið 1973, var í fyrsta sinn efnt til almennrar umræðu um heildarsamskipti íslensku þjóðarinnar við land sitt og gæði þess. Voru þá reifuð og rædd viðhorf til nokkurra þátta landnýtingar í því skyni að fá yfirsýn yfir það, hvaða sjónarmiða bæri að gæta við búsetu í landinu, jafnt á líðandi stund og með framtíðarnot í huga.

Hér var að sjálfsgöðu um svo yfirgripsmikið viðfangsefni að ræða, að landnýtingarráðstefnan 1973 gat aðeins fjallað um fáar hlíðar þess. En tilraun sú til úttektar á landsnyttjum, sem þar var hafin, leiddi í ljós, svo sem vænta mátti, að einstakar greinar landnýtingar væru það viðamiklar, að þær geymdu, hver fyrir sig, efni í sérstaka könnun og umræðu.

Á þeim grundvelli var það byggt, að Landvernd ákvað, að beita sér fyrir ráðstefnum á sviði

Oft er það á orði haft, bæði í fjölmiðlum og í samræðum manna, að matarvenjur Íslendinga leiði þá til heilsuspillandi holdafars, og einhvers staðar kom það fram, að athuganir á líkamlegu þoli og úthaldi íslenskra karlmanna hefðu leitt í ljós, að þeir mundu ekki í þeim efnum vera jafnokar frænda sinna í öðrum þjóðlöndum. Einnig heyrast ekki svo sjaldan raddir þess efnis, að við séum orðnir full elskir að svonefndum blikkbeljum og spörum fætur okkar í þeim mæli, að ævispor margra séu að verða að bilförum. Þá ber og að hafa í huga að aukin orlof veita fleiri mönnum tækifæri til ferðalaga og fólksfjölgun í þéttbýlinu skapar íbúum þess þörf fyrir meira andrými og hreyfingu undir berum himni.

Ekki verður um það deilt, að útivist í óspilltu umhverfi — hreinu lofti og þagnarkýrrö — getur ráðið miklu um andlegt og líkamlegt heilsufar einstaklingsins, og þar með þjóðarinnar í heild, og verður, þegar á allt er litið, besta heilsuverndin. Það má því augljóst vera, þegar til allra þessara atriða er litið, að almenn fræðsla um það, hvernig kosta er

verndarráð, Ferðamálaráð og nokkur félög, sem starfa á vettvangi útilífs, efnt til ráðstefnu um stöðu útivistar hér á landi og útilífsiðkana.

Ljóst má vera, að eins dags ráðstefna gefur ekki færi á því, að brotin séu til mergjar þau margþættu viðfangsefni, sem til álita koma í þessu sambandi. En með ráðstefnu þessari er m.a. að því stefnt, að vekja athygli og áhuga almennings á gildi útivistar með því að kynnt sé, hvaða möguleikar séu til að stunda einstakar greinar útilífs. Í því sambandi verður og komið inn á það efni, hvernig úrbóta sé þörf um aðstöðu á þessu sviði, — hver sé réttur útivistaríðkandans til að notfæra sér þau gæði, sem landið býr yfir að þessu leyti og hvaða skyldur við umhverfi og náttúru landsins fylgja því, sem kalla mætti iðkun útivistar.

Öllum þeim, sem hafa unnið að undirbúningi þessarar ráðstefnu og átt þátt í því að yta henni úr vör, flyt ég þakkar, en Vilhjálmur Lúðvíksson hefur þar gegnt hlutverki oddvitans. Einnig færi ég þeim, sem góðfúslega hafa undir það vikizt að flytja hér erindi og taka þátt í umræðum og öðrum ráðstefnustörfum, beztu þakkar, en framlag þeirra ræður mestu um það, hvernig ráðstefnan heppnast. Byð ég velkomna hingað alla þá, sem á einn eða annan hátt taka hér þátt í störfum eða fundarsetu.

Að lokum þetta:

Á útivist eru margir flestir og þar er um margt að velja, allt eftir efnun og ástæðum hvers og eins.

Sumir kjósa laxveiði með dýrum tækjum og öðrum tilkostnaði. Aðrir leggja hnakk sinn á verðmætan gæðing. Enn eru þeir, sem velja sér dýrindis skíði eða viðamikinn útbúnað til jöklaferða. Allt eru þetta góðir kostir, en ekki á allra færi. Það er líka svo, að enginn fer á skíði þar sem snjólaust er, eða veiðir fisk á þurru landi. Og vanti hnakk og hest verður litið úr útreiðinni.

En ein er sú tegund útivistar — gangan — sem hvorki krefst tækja né tóla, þótt stundum geti verið skemmtilegt og jafnvel gagnlegt að hafa staf. Að þessu leyti hefur sá maður, sem iðkar göngur sérstöðu meðal útivistarmanna. Hvorki er honum veiðivatn, snjór né hestur nauðsyn til síns útilífs. Hann þarf að vísu þurfagan klæðnað, svo sem menn þurfa alltaf við venjulega vinnu sína, og sáemilega skó — þó þekkti ég mann, sem var þerfættur við smalamennsku í Hekluhrauni, hann sagðist vera miklu léttari á sér sokkalaus og skólaus —. Og kunnir göngumaðurinn á annað borð að klæða sig eftir aðstæðum, varðar hann hvorki um veður né færi. Hann getur valið sér gönguland við sitt hæfi, slétt eða bratt, og hann skilur manna bezt þau orð skáldsins „að eiginlega er ekkert bratt, aðeins mismunandi flatt“ Göngumaðurinn er ekki öðru háður en getu sinni og vilja. Sé hann við aldur, fer hann sér hægt, ef þörf krefur, en sé hann ungur getur hann tekið sprettin.


Gangan er þannig íþrótt allra. Heilnæm, auðveld, ódýr og hljólát og hæfir því hvaða umhverfi sem er.

Landvernd hefur á undanförunum árum gefið út veggspjald í því skyni að vekja athygli á einhverjum þætti í sambúð þjóðarinnar við landið, og á hvert veggspjald hefur verið skráð kjörorð, sem skýrir það markmið, sem myndin á að tákna.

Veggspjald Landverndar í ár er því miður ekki enn komið út, en það verður helgað gönguferðum um landið.

— Eg vona að landsmenn bregðist vel við þeim boðskap, sem það flytur árið 1977, en hann er þessi.

**Göngum um landið
Göngum vel um landið.**



Sýning Jónasar Guðmundssonar

Jónas Guðmundsson heldur nú sýningu á myndlist sinni á Kjarvalsstöðum. Jónas stýrimaður, eins og hann er stundum kallaður, er einn af þeim fáu mönnum, sem orðið hafa til þess, að orðið þúsundþjalasmiður hefur haldist í tungu okkar. Hann leggur gjörva hönd á allt mögulegt, sem til lista telst, þó stundar hann enn ekki ballett-dans mér vitanlega. Hann skrifar skáldsögur, ferðapistla, ævisögur og leikrit. Hann yrkir ljóð og málar myndir, stundar blaðamennsku og skrifar um allt

Ég hafði ánægju af mörgu á þeirri sýningu, en samt var það augljóst þá, að Jónas flýtti sér stundum um of, og hlutirnir voru nokkuð lausir í reipum. Hæfileikar hans voru auðséðir, en það var eins og herslumuninn vantaði. Á sýningunni á Kjarvalsstöðum hefur dæmið snúist við, og það kemur greinilega í ljós, að Jónas Guðmundsson hefur í öllu sínu annríki ekki dregið af sér við vatnslitina. Nú sem fyrr eru það bátar og skip, sem koma Jónasi á flugið. Sjávarstemningar og gömlu húsin í Vesturbænum eru honum hjartfólgin viðfangsefni. Fáar línur í einlita myndfleti ná að tjá fyrir myndirnar á ferskan og trúverðugan hátt. Þorpin út á landbyggðinni eru þarna einnig og stundum bregður fólki fyrir í dagsins önn. Sjómenn sjást við vinnu sína, fólk á fórnun vegi sjávarþorpanna. Flestar myndir á þessari sýningu eru vatnslitamyndir, aðeins örfáar olíumyndir hafa fengið að fljóta með að sinni. Jónas hefur sérstaka tækni við myndgerð sína í vatnslitum og málar á tvöfalda pappír, sem hann svo rifur upp á köflum, og beitir hann þannig lifandi og sjaldgæfri aðferð, sem fellur vel að hinum hröðu og augnablikskenndu átökum, sem dansa með sérstakri hrynjandi yfir myndflötinn. Það eru nær 80 verk á þessari sýningu Jónasar og eðlilega eru þau dálítið misjöfn en heildarsvipur sýningarinnar er persónulegur og auðkennist af litagleði og ástríðufullum vinnubrögðum.

Jónas er fæddur rómantikar, sem vinnur í snörpum átökum. Hann er bestur, þegar hann lætur liti og form tjá speglun lofts og lagar. Ljósaskipti og dulræn birta eins og túlka öryggisleysi tilverunnar. Sjómáðurinn Jónas Guðmundsson hefur sínar hugmyndir um himin og haf, tilveruna og hið óráðna.

Þetta er fjörleg og skemmtileg sýning hjá Jónasi, og það má fullyrða, að hann hefur ekki gert betur áður. Þessi sýning kom mér í ágætt skap, og ég hafði sanna ánægju af að kynna þessum verkum Jónasar Guðmundssonar.

Valtýr Pétursson.



Frá ráðstefnu Landverndar um útilíf.

einstakra auðlinda eða landsgæða, hvort heldur væri til lands eða sjávar, í því skyni að fá yfirlit um inntak þeirra og umræður um það, hvernig nýta bæri auðlindir þær, sem þjóðin á og ræður yfir, án þess að grundvelli þeirra eða uppsprettum væri spillt. Varð næsta skref Landverndar á þessum vettvangi, að hlutast til um að efnt var til ráðstefnu í nóvember 1975 um fæðubúskap Íslendinga.

Nú er enn haldið áfram á þessari sömu braut, og að þessu sinni er viðfangsefnið hagnýting landsins til útivistar.

Óþarft er að fjölyrða um þau margháttaðu gæði, sem náttúra Íslands gefur færi á til útivistar. Þar er vítt til veggja og hátt til lofts og vól margra góðra kosta, allt frá hájöklaferðum í óveðrahám til auðveldrar kvöldgöngu á heimaslóðum.

En hvernig notfærir landsfólkið sér þessi gæði. Kann það skil á gagnsemi þeirra og þeim hollustuháttum, sem þau geta veitt? Hver er aðstaða almennings til að stunda útivist? Hver er og á að vera afstaða útivistaríðkandans til náttúru landsins, gróðurs þess og dýralífs?

Góðu heilli horfir nú til þeirrar áttar, að með hverju ári fjölgar þeim, sem fá áhuga á útivist og skilja gildi hennar. Eigi að stóur er full ástæða til þess, að vakin sé athygli almennings á þeirri lífsfyllingu, sem útivistin getur beitt þeim, sem hana stunda, og kemur hér margt til.

völ í þessum efnun, er fullkomlega tímabær og þá er aðilegt, að jafnframt sé kannað, hvernig úrbóta er þörf til þess að hver og einn geti notfært sér þau gæði, sem iðkun útivistar hefur í kjölfari sínu.

En hér er einnig til annarrar áttar að líta. Hverjar eru skyldur útivistarmannsins við náttúru landsins, og það umhverfi, þar sem hann nýtur útilífs síns?

Hnattstaða landsins, veðráttá þess og gróðurfar leiða til þess, að íslensk náttúra er viðkvæm fyrir umferð, og oft eru það fegurstu og eftirsóknarverðustu staðirnir, sem sit þola átroðninginn. Það fylgir því eðlilega auknum ferðalögum og vaxandi ferðamannastraum, í byggðum og óbyggðum, að upp koma ýmis vandamál og úrlausnarefni, sem varða aðstöðu til útivistar, umgengishætti og almenna náttúruvernd.

Þessi þáttur útilífsins, nýting þeirra landsgæða, sem í boði eru á þessum vettvangi, er því eigi síður verdugt viðfangsefni en sjálf íþrótt útivistarinnar, þegar gerð er úttekt á gildi hennar fyrir mannlífið og þær reglur metnar, sem um iðkun hennar eiga að gilda.

Mikið skortir á, að við Íslendingar höfum fengið heildarsýn yfir þau svið, sem útivist í víðustu merkingu spannar, og er brýn þörf á því, að hér sé tekið til hendinni.

Á þessum forsendum er það byggt, að Landvernd hefur nú í náinni samvinnu við Náttúru-